

**Nd.**

**75. Frumvarp til laga**

um breyting á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir C. 4. í 1. gr. laga nr. 37/1943 komi nýr liður, þannig:  
5. **Vatnsnesvegur:** Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að vegurinn frá Hvammstanga norður Vatnsnes að Hindisvík verði tekinn í tölu þjóðvega. Áður hefur vegurinn austan Vatnsnesfjalls, af Norðurlandsvegi norður Vesturhóp að Hindisvík, verið tekinn í þjóðvegatölu.

Á Vatnsnesi eru góðar jarðir, þar sem saman fara landgæði, ræktunarskilyrði, hlunnindi og aðstaða til sjósóknar. En til þess að þessi náttúrugæði komi að notum, er m. a. nauðsynlegt, að samgönguskilyrði séu viðunandi. Héraðsbúar hafa á liðnum árum lagt fram allmikið fé til að gera akveg um nesið, en þó er enn mikið óunnið, til þess að vegargerðinni verði lokið. Verður að teljast eðlilegt, að ríkið taki að sér að ljúka þessu nauðsynlega verki.

Bréf oddvitans í Kirkjuhvammshreppi, þar sem skýrt er frá samþykkt um þetta mál, er gerð var á almennum sveitarfundi þar 20. marz s.l., fylgir hér með.

### Fylgiskjal.

#### ODDVITI KIRKJUHVAMMSHREPPS

Syðri-Kárastöðum, 14. maí 1945.

Á almennum sveitarfundi í Kirkjuhvammshreppi, höldnum að Gröf þriðjudaginn 20. marz 1945, kom fram svo hljóðandi tillaga og var samþykkt í einu hljóði:

„Almennur sveitarfundur í Kirkjuhvammshreppi, haldinn að Gröf þriðjudaginn 20. marz 1945, beinir þeim tilmælum til vegamálastjóra ríkisins að beita sér fyrir, að sýsluvegurinn frá Hvammstanga að Hindisvík sé tekinn hið fyrsta í tölu þjóðvega.

Telur fundurinn þessi tilmæli þeim mun eðlilegri og réttlátari, þar sem vegurinn austan Vatnsnesfjalls hefur þegar fyrir nokkru verið gerður að ríkisvegi.

Væntir fundurinn þess jafnframt af þingmanni kjördæmisins, að hann beiti sér fyrir framgangi þessa máls á Alþingi.“

Virðingarfyllst.

Jón R. Jóhannesson.

Til alþingismanns Vestur-Húnavatnssýslu.